



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 7/2017

**Endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir
lúkningarhluta leigulína
(Markaður 6/2008)**

30. maí 2017

**EFNISYFIRLIT****Bls.**

1	Inngangur	3
1.1	Ákvörðun PFS nr. 8/2014.....	4
1.2	Gjaldskrá Mílu fyrir lúkningarluta leigulína	5
1.3	Bréfaskipti við Mílu.....	7
2	Niðurstaða PFS	9
2.1	Almennt	9
2.2	Uppbygging líkans.....	9
2.2.1	Kostnaðargreining Mílu	9
2.2.2	Afstaða PFS.....	10
2.3	Línufjöldi	10
2.3.1	Kostnaðargreining Mílu	10
2.3.2	Afstaða PFS.....	12
2.4	Rekstrarkostnaður	12
2.4.1	Kostnaðargreining Mílu	12
2.4.2	Afstaða PFS.....	14
2.5	Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar	16
2.6	Kostnaður vegna búnaðar	16
2.6.1	Kostnaðargreining Mílu	16
2.6.2	Afstaða PFS.....	17
2.7	Útreikningur leiguverðs	17
2.8	Niðurstaða PFS	19



1 Inngangur

Verðskrá Mílu ehf. (Mílu) fyrir lúkningarluta leigulína sem hér er til umfjöllunar byggir á þeim kvöðum sem lagðar voru á fyrirtækið með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 8/2014, dags. 6. maí 2014.

Þær vörur sem verðskrá Mílu nær til tilheyrja heildsölumarkaði fyrir lúkningarluta leigulína sem er markaður 6 samkvæmt tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá árinu 2008¹ (markaður 6/2008). Um er að ræða lúkningarluta leigulína sem byggja á koparheimtaugum og þá sérstaklega Ethernet yfir kopar (EYK) og stafrænar leigulínur upp að 2 Mb/s sem nýta SHDSL tækni (SHDSL leigulínur). Niðurstaða PFS byggir á kostnaðargreiningu Mílu fyrir lúkningarluta leigulína sem fyrirtækið lagði upphaflega fram þann 30. apríl 2015 og var síðast uppfærð þann 17. mars 2017 í samræmi við kröfur stofnunarinnar.

Frumdrög PFS að ákvörðun um heildsölugjaldskrá fyrir lúkningarluta leigulína fór í innanlandssamráð sem stóð frá 26. apríl til 16. maí 2016. Frumdrögin byggðu á greiningu Mílu með þeim breytingum sem komu fram í uppfærslu Mílu dags. 21. janúar 2016. Engar athugasemdir bárust til stofnunarinnar í samráðinu.

Samhliða kostnaðargreiningu á markaði 6/2008 hefur PFS haft til meðferðar kostnaðareiningar vegna gjaldskráa Mílu fyrir koparheimtaugar (markaður 4/2008) og bitastraumsaðgang (markaður 5/2008). Vegna innbyrðis tengsla þessara gjaldskráa er nauðsynlegt að þær taki gildi á sama tíma og því birtir PFS ákvarðanir um endurskoðun á þessum gjaldskráum á sama tíma.

PFS hefur yfirfarið kostnaðarlíkön og uppbyggingu gjaldskráa Mílu á þessum þremur mörkuðum (4/2008, 5/2008 og 6/2008). Jafnframt hafa hagsmunaaðilar fengið tækifæri til að tjá sig um aðferðafræði Mílu við ákvörðun verðs sem og uppbyggingu gjaldskráa. Hins vegar byggðu upphafleg kostnaðarlíkön Mílu á kostnaðargrunni frá 2014 og fór því PFS fram á að Míla myndi uppfæra kostnaðarlíkönin á þessum mörkuðum miðað við rekstrarárið 2016.

Í samræmi við óskir PFS lagði Míla fram þann 17. mars 2017, uppfært kostnaðarlíkan vegna lúkningarluta leigulína sem byggir á rekstrartölum ársins 2016. Útreiknuð verð fyrir aðgang að lúkningarluta leigulína byggja því á upplýsingum um rekstrarárið 2016.

Þann 31. mars 2017 efndi PFS til aukasamráðs innanlands um breytt ákvörðunardrög í samræmi við niðurstöðu úr uppfærðu kostnaðarlíkaninu með gögnum frá 2016 og stóð samráðið til 19. apríl 2017. Engar athugasemdir bárust PFS í samráðinu.

Drög að ákvörðuninni, var send til ESA og annarra eftirlitsstofnana á EES-svæðinu til samráðs þann 27. apríl sl., sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og 7. gr. rammatilskipunar ESB. Samráðinu lauk þann 29. maí sl. og hefur PFS móttækið álit ESA sem fylgir með í viðauka II við ákvörðun þessa. PFS vísar í álit ESA varðandi athugasemdir þeirra.

Í eftirfarandi köflum er farið nánar yfir málavexti, lagaforsendur, aðferðafræði og útreikninga sem leiddu til niðurstöðu PFS.

¹ ESA hefur nú gefið út ný tilmæli ESA um skilgreiningu á heildsölumörkuðum fjarskiptaþjónustu: „EFTA Surveillance Authority Recommendation of 11 May 2016 on relevant product and service markets within the electronic communications sector susceptible to *ex ante* regulation in accordance with the Act referred to at point 5cl of Annex XI to the EEA Agreement (*Directive 2002/21/EC of the European Parliament and of the Council on a common regulatory framework for electronic communication networks and services*).”



1.1 Ákvörðun PFS nr. 8/2014

Með vísan til 17. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, ásamt síðari breytingum, greindi PFS heildsölumarkað fyrir lúkningarhluta leigulína (markað 6) og var niðurstaða PFS birt í ákvörðun stofnunarinnar nr. 8/2014 um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir lúkningarhluta leigulína þann 6. maí 2014.

Með hliðsjón af markaðsskilgreiningu og greiningu á samkeppni á heildsölumarkaði fyrir lúkningarhluta leigulína og í samræmi við 2. mgr. 17. gr. sbr. 18. gr. laga um fjarskipti ákvað PFS að útnefna Mílu áfram með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði.

Í samræmi við 27. gr. laga um fjarskipti ákvað PFS að viðhalda eftirfarandi kvöðum á Mílu vegna útnefningar fyrirtækisins með umtalsverðan markaðsstyrk á þessum markaði:

- Kvöð um að veita aðgang
- Kvöð um jafnræði
- Kvöð um gagnsæi
- Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað
- Kvöð um eftirlit með gjaldskrá
- Kvöð um kostnaðarbókhald

Það var niðurstaða markaðsgreiningar PFS að samkeppni væri ekki nægjanlega virk og að Míla væri með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði. Að mati PFS gæti Míla hindrað virka samkeppni og starfað að verulegu leyti án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Míla hefði því möguleika á að halda uppi óeðlilega háum verðum og/eða skapa verðþrýsting.

Þá var það mat PFS að kvaðir um gagnsæi og jafnræði væru ekki nægjanlegar einar sér til að leysa samkeppnisvandamál eins og víxlniðurgreiðslur, verðmismunun og yfirverðlagningu. Að mati PFS væri kvöð um eftirlit með gjaldskrá nauðsynleg til að koma á samkeppni á viðkomandi markaði og til að efla samkeppni á smásölustigi.

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga lagði PFS kvöð á Mílu um að gjaldskrá vegna heildsöluþjónustu fyrir lúkningarhluta leigulína fyrirtækisins væri kostnaðarviðmiðuð. Við ákvörðun verðs fyrir lúkningarhluta leigulína skal Míla beita kostnaðargreiningaraðferð sem byggir á sögulegum kostnaði sem er heimfærður á viðkomandi þjónustur (HCA FAC) og verð endabúnaðar miðað við sviptvirði.

Við framkvæmd kostnaðargreiningar sinnar skal Míla byggja á IV. kafla reglugerðar nr. 564/2011 um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja, s.s. um mat rekstrarfjármuna, líftíma og ávöxtunarkröfu. Jafnframt skal tekið tillit til afstöðu PFS sem fram kom um forsendur og útreikninga í ákvörðun stofnunarinnar nr. 34/2011 varðandi kostnaðargreiningu fyrir lúkningarhluta leigulína. Stofnunin mun hafa til hliðsjónar við mat á niðurstöðu kostnaðargreiningar Mílu verð fyrir sambærilegar vörur á EES svæðinu og þá sérstaklega þar sem beitt er viðurkenndri aðferðafræði, eins og BU LRIC+ aðferðafræði, við ákvörðun verðs. PFS mun einnig hafa til hliðsjónar að gjaldskráin verði í eðlilegu samhengi við heimitaugaleiguverð félagsins, m.t.t. hugsanlegrar yfir- eða undirverðlagningar Skiptasamstæðunnar á framangreindum þjónustum. PFS er heimilt að hafna kostnaði sem stofnunin telur stafa af óhagkvæmum rekstri, sbr. m.a. 32. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003.

Í ákvörðuninni var tilgreint að ef kostnaðargreining Mílu fyrir lúkningarhluta leigulína myndi skila niðurstöðu sem PFS teldi ekki vera ásættanlega þegar horft væri til framangreindra sjónarmiða myndi PFS hafna slíkri niðurstöðu. Stofnunin myndi þá endurskoða þær forsendur



sem lagðar væru til grundvallar í kostnaðargreiningu Mílu, í þeim tilgangi að skila niðurstöðu sem væri í samræmi við framangreind sjónarmið og markmið framkvæmdastjórnar ESB um að stuðla að samkeppni og bæta fjárfestingaumhverfi á fjarskiptamarkaði.

Kostnaðargreining Mílu fyrir heildsölugjaldskrá lúkningarluta leigulína, skal byggja á eftirfarandi meginforsendum:

- Heimfærsla kostnaðar skal byggja á bókhaldslegum aðskilnaði aðgangsnets, eignabókhaldi Mílu og kostnaði úr bókhaldskerfi Mílu þar sem rekstrarkostnaður í aðgangsneti er skráður á bókhaldslykla.
- Kostnaður vegna leigu á heimtaugum skal vera samkvæmt heildsölugjaldskrá heimtauga Mílu hverju sinni.
- Við mat fjárfestingar í búnaði vegna lúkningarluta leigulína sérstaklega skal verð búnaðar miðað við sviptivirði á sambærilegum nýjum búnaði (Modern Equivalent Asset, MEA) og eðlilega² endurnýtingu á honum.
- Nota skal afskriftaraðferð sem endurspeglar nýtingarvirði eignar.
- Beita skal árgreiðsluáðferð til að reikna árlegan fjárfestingarkostnað.
- Línufjöldi skal reiknaður m.t.t. línúgilda.
- Fanga skal kostnað aðgangsnetsins, þ.m.t. hlutdeild í sameiginlegum kostnaði, stjórnun, upplýsingatækni og yfirstjórn í samræmi við bókhaldslegan aðskilnað.
- Miða skal við raun ávöxtunarkröfu sem byggist á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar³ (WACC real) af fjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu, þar sem áhættuálag endurspeglar áhættu sem tengist starfsemi á viðkomandi markaði.
- Meðaltals einingarkostnaður fyrir landið allt skal vera reiknaður út frá heimfærðum rekstrar- og fjárfestingarkostnaði deilt á línufjölda eða ígildi þeirra.

Við ákvörðun gjaldskrár skal Míla byggja á framangreindum meginforsendum við kostnaðargreiningu sína.

1.2 Gjaldskrá Mílu fyrir lúkningarluta leigulína

Núverandi heildsölugjaldskrá Mílu fyrir lúkningarluta leigulína var ákvörðuð með ákvörðun PFS nr. 16/2013, dags 30. júlí 2013, og er sem hér segir:

Grunnlínur án endabúnaðar

	<i>Stofn- gjald</i>	<i>Mánaðar- gjald</i>
2ja víra lína fyrir tal	13.300	2.084
4ra víra lína fyrir tal	13.300	4.168
Grunnlína 2ja víra fyrir gagnaflutning	13.300	2.772
Grunnlína 4ra víra fyrir gangaflutning	13.300	5.544

² Í ákvörðun PFS nr. 34/2011 var miðað við 50% endurnýtingu.

³ Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 564/2011 ákvarðar PFS árlega ávöxtunarkröfu fjármagns (WACC) sem fjarskiptafyrirtæki skulu miða við í útreikningum sínum.

***Grunnlínur án endabúnaðar einn leggur***

	<i>Stofn- gjald</i>	<i>Mánaðar- gjald</i>
2ja víra lína fyrir tal	6.650	1.042
4ra víra lína fyrir tal	6.650	2.084
Grunnlína, 2ja víra fyrir gagnaflutning	6.650	1.386
Grunnlína 4ra víra fyrir gangaflutning	6.650	2.772

Stafræn lína einn leggur með endabúnaði

	<i>Stofn- gjald</i>	<i>Mánaðar- gjald</i>
64 Kbita	73.063	2.651
128 Kbita	73.063	2.651
256 Kbita	73.063	3.901
512 Kbita	73.063	4.110
2 Mbita	73.063	4.527

Stafræn lína innan stöðvarsvæðis með endabúnaði

	<i>Stofn- gjald</i>	<i>Mánaðar- gjald</i>
64 Kbita	89.272	4.790
128 Kbita	89.272	4.790
256 Kbita	89.272	7.291
512 Kbita	89.272	7.708
2 Mbita	89.272	8.541

Stafræn lína á milli stöðvarsvæða með endabúnaði

	<i>Stofn- gjald</i>	<i>Mánaðar- gjald</i>
64 Kbita	146.127	5.302
128 Kbita	146.127	5.302
256 Kbita	146.127	7.803
512 Kbita	146.127	8.220
2 Mbita	146.127	9.053

**Ethernet yfir kopar (EyK)**

	<i>Stofn- gjald</i>	<i>Mánaðar- gjald</i>
5 Mb/s	114.738	9.104
10 Mb/s	114.738	11.188
15 Mb/s	114.738	11.188
20 Mb/s	114.738	13.272
25 Mb/s	114.738	13.272
30 Mb/s	114.738	15.356
35 Mb/s	114.738	15.356
40 Mb/s	114.738	15.356
45 Mb/s	114.738	15.356

1.3 Bréfaskipti við Mílu

Í tölvupóstssamskiptum milli Mílu og PFS frá **13. nóvember 2014** til **21. janúar 2015** var fjallað um tilhögun kostnaðargreininga á markaði 4, 5 og 6. Í kostnaðargreiningu á leigulínum á markaði 6 eru koparheimtaugar einn helsti kostnaðarþátturinn. Til að allar greiningarnar byggðu á sama rekstrarári var ákveðið að bíða með greiningu á markaði 6 þar til greining á markaði 4 lægi fyrir.

Hvað varðar kostnaðargreiningu á ljóslínum í aðgangsneti var ákveðið að sú greining væri aðskilin frá kostnaðargreiningu á leigulínum sem byggja á koparheimtaugum.

Þann **3. febrúar 2015** lagði Míla fram lýsingu á kostnaðarbókhalddi sínu ásamt skýrslu frá óháðum endurskoðanda í samræmi við ákvörðun PFS á mörkuðum 4, 5 og 6.

Með bréfi Mílu til PFS, dags. **27. mars 2015**, lagði fyrirtækið fram kostnaðargreiningu vegna aðgangs að koparheimtaugum.

Þann **30. apríl 2015** lagði Míla fram kostnaðargreiningu fyrir stafrænar leigulínur í aðgangsneti og Etherneti yfir kopar. Fram kom í bréfi Mílu að kostnaðarlíkani fyrir ljóslínur í aðgangsneti yrði skilað innan fárra vikna.

Í tölvupósti PFS, dags. **12. nóvember 2015**, óskaði PFS eftir frekari gögnum varðandi veltu í hverjum vöruflokki og áhrif hækkana á viðskiptavini. Einnig óskaði PFS eftir frekari upplýsingum um sundurliðun á rekstrarkostnaðinum.

Þann **22. nóvember 2015** lagði Míla fram yfirlit yfir mánaðartekjur vegna leigulína, sundurliðaðar á vöruflokka og viðskiptavini. Auk þess lagði Míla fram frekari skýringu á rekstrarkostnaði.

Í tölvupósti PFS, dags. **8. janúar 2016**, óskaði PFS eftir nánari upplýsingum um sameiginlegan kostnað og hvernig honum væri skipt milli deilda aðgangsnetsins sem og annarra deilda. Einnig óskaði PFS eftir upplýsingum um stofngjöld og nýtingu á koparheimtaugum.

Í svarbréfi Mílu, dags. **12. janúar 2016**, lagði Míla fram upplýsingar um sameiginlegan kostnað aðgangsnetsins ásamt sundurliðun stofngjalda. Auk þess kom fram hjá Mílu að bæði efra og neðra tíðnisvið heimtaugar væru nýttar undir leigulínur. Í fyrri greiningu hafi verið álag á þessar línur og áætlun um fjölda heimtauga en nú væri miðað við nákvæma skráningu á þessum línum.



Með tölvupósti, dags. **14. janúar 2016**, lagði Míla fram frekari upplýsingar um skiptingu á sameiginlegum kostnaði milli deilda fyrirtækisins.

Í bréfi PFS til Mílu þann **21. janúar 2016** gerði stofnunin athugasemd við kostnaðarhlutdeild leigulínanna í sameiginlegum kostnaði. Að mati PFS var hlutdeild leigulína í sameiginlegum kostnaði of há og ekki í samræmi við umfang þjónustunnar. Ekki væri hægt að samþykkja rekstrarkostnað upp á [...]⁴. Hlutfall þessa kostnaðar af árlegum kostnaði (árgreiðslu og rekstrarkostnaði án sameiginlegs kostnaðar) væri [...]. Til samanburðar væri þetta hlutfall vegna heimtauga [...]. PFS fór fram á að Míla lækkaði hlutdeild leigulína í sameiginlegum kostnaði þannig að hann yrði að hámarki [...] kr. Þá fór PFS fram á að nýtingarhlutfall búnaðar fyrir Ethernet yfir kopar yrði [...], í samræmi við fyrri ákvarðanir PFS. Einnig óskaði PFS eftir að Míla uppfærði verð fyrir koparheimtaugar í líkaninu í samræmi fyrirhugaða niðurstöðu í drögum að ákvörðun PFS um endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir koparheimtaugar.

Með tölvupósti, dags. **21. janúar 2016**, lagði Míla fram uppfært kostnaðarlíkan í samræmi við athugasemdir PFS. Niðurstaða um gjaldskrá samkvæmt þessari breytingu fór í samráð þann 26. apríl 2016 og stóð samráðið til 16. maí 2016.

Þann **27. febrúar 2017** óskaði PFS eftir að Míla uppfærði greininguna og lagði Míla fram uppfærða greiningu þann **17. mars 2017**. Það er sú greining sem niðurstaða PFS byggir á.

⁴ Upplýsingar felldar brott vegna trúnaðar. Það sama á við um upplýsingar sem fram koma í hornklofum hér að aftan.

2 Niðurstaða PFS

2.1 Almennt

Í köflum 2.2 til 2.8 hér á eftir gefur að líta forsendur og niðurstöðu ákvörðunar PFS í þeirri kostnaðargreiningu, sem hér er til meðferðar. Fjallað er um helstu þætti sem PFS telur mikilvæga sem forsendur fyrir afstöðu stofnunarinnar við útreikning gjaldskrár fyrir stafrænar leigulínur í aðgangsneti Mílu og Etherneti yfir kopar. Umræddir þættir eru eftirfarandi:

- Uppbygging líkans (2.2)
- Línufjöldi (2.3)
- Rekstrarkostnaður (2.4)
- Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (2.5)
- Kostnaður vegna búnaðar (2.6)
- Útreikningur leiguverðs (2.7)

Hver undirkafl er þannig upp byggður að fyrst er gerð grein fyrir kostnaðargreiningu Mílu, og síðan afstöðu PFS varðandi sérhvert atriði. Í kafla 2.8 er síðan niðurstaða PFS dregin saman í stuttu máli áður en til ákvörðunarorða kemur.

Niðurstaða PFS byggir á heimild stofnunarinnar í fjarskiptalögum og vísast þá helst til 32. gr. um eftirlit með gjaldskrá og 31. gr. um bókhaldslegan aðskilnað, ásamt ákvörðun PFS nr. 8/2014.

Míla hefur lagt fram lýsingu á kostnaðarbókhalda fyrirtækisins ásamt skýrslu frá óháðum endurskoðanda. Þá hefur Míla lagt fram greiningu á kostnaði vegna aðgangs að lúkningarluta leigulína ásamt frekari útskýringum að beiðni PFS. Niðurstaða PFS byggir á kostnaðargreiningu Mílu frá 30. apríl 2015 ásamt þeirri uppfærslu sem fyrirtækið hefur lagt fram nú síðast þann 17. mars 2017 og niðurstöðu PFS um heimtaugaverð sem nú liggja fyrir, sbr. ákvörðun PFS nr. 5/2017.

2.2 Uppbygging líkans

2.2.1 Kostnaðargreining Mílu

Í kostnaðargreiningu Mílu, dags. 30. apríl 2015, kemur eftirfarandi fram varðandi uppbyggingu kostnaðargreiningarinnar:

„Míla heldur utan um tekjur og gjöld af lúkningarluta leigulína á afkomueiningunni 861300 Leigulínur í aðgangsneti.

Rekstrarkostnaður er bókaður á eftirtaldar kostnaðarstöðvar:[...]

Útreikningur á leiguverði miðast við sömu aðferðarfræði og í kostnaðargreiningu frá 2011.

Örlitlar breytingar voru þó gerðar á útreikningum þar sem Míla telur viðeigandi:

- *Fjöldi undirliggjandi heimtauga tekur að stærstum hluta mið af raunfjölda heimtauga sem nýttar eru við hvern gagnaflutningshraða en áður var fjöldinn byggður á ákveðnu mati á fjölda heimtauga í hverjum gagnaflutningshraða.*



- *Rekstrarkostnaður miðast við heimfærðan rekstrarkostnað á leigulínur og Ehternet yfir kopar. Sameiginlegum rekstrarkostnaði er skipt á milli Ehternet yfir kopar og leigulína í hlutfalli við fjölda sambanda.*
- *Fjárfestingar miðast við innkaupsverð. Gert er ráð fyrir svipaðri nýtingu á búnaði og áður.*
- *Uppsetningakostnaður er reiknaður á sama hátt og í fyrri greiningu.*
- *Sérstöku afgreiðslugjaldi verður sleppt í útreikningnum en hann er nú í raun innifalinn í yfirstjórnarkostnaði.*“

2.2.2 Afstaða PFS

Kostnaðarlíkan Mílu er að mestu byggt upp á sama hátt og í kostnaðargreiningu Mílu frá 2011, sbr. ákvörðun PFS nr. 34/2011 varðandi kostnaðargreiningu fyrir lúkningshluta leigulína. Núverandi gjaldskrá Mílu byggir á ákvörðun PFS nr. 16/2013, dags 30. júlí 2013, sem einnig tók mið af ákvörðun PFS frá 2011 hvað varðar uppbyggingu kostnaðarlíkansins.

Helsta breytingin er að Míla miðar við raunfjölda heimtauga sem nýttar eru við hvern gagnaflutningshraða en áður var fjöldinn metinn. Þetta hefur bæði áhrif til hækkunar og lækkunar á heimtaugakostnaði fyrir mismunandi gagnaflutningshraða sem nánar er tilgreint í kaflanum hér á eftir.

PFS samþykkti ekki þá breytingu á nýtingu búnaðar fyrir Ethernet yfir kopar (EYK) sem Míla lagði til, sbr. bréf stofnunarinnar, dags. 21. janúar 2016, og niðurstaða þessarar kostnaðargreiningar miðar við óbreytta nýtingu á búnaði. Að öðru leyti gerir PFS ekki athugasemdir við þær breytingar sem Míla hefur lagt til.

2.3 Línufjöldi

2.3.1 Kostnaðargreining Mílu

Í uppfærðri kostnaðargreiningu Mílu, dags. 17. mars 2017, kemur fram að við útreikninga á línuígildum sé miðað við fjölda lína í desember 2016.

Niðurstaða Mílu varðandi línuígildi má sjá í töflunni hér að neðan. Þar er tilgreindur fjöldi leigulínusambanda í hverjum hraða fyrir sig og reiknuð línuígildi út frá þeim. Fram kemur hjá Mílu að línuígildi sé eitt þegar um sé að ræða leigulínu sem liggur frá endastað í tækjarými (einn leggur) en tvö þar sem um sé að ræða samband til tveggja endastaða, þ.e. frá endastað til símsstöðvar og frá símsstöð til endastaðar (tveir leggir).

Í töflunni megi enn fremur sjá fjölda undirliggjandi heimtauga í hverjum hraða og meðalfjölda þeirra. [...] Við mat á fjölda heimtauga í hverjum gagnaflutningshraða hafi verið lagður saman fjöldi sambanda og heimtauga í hverjum gagnaflutningshraða og reiknaður meðalfjöldi út frá því.



	Fjöldi leggja	Fjöldi Heimtauga	Meðal- fjöldi	Nám- undun
64 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]
128 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]
256 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]
512 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]
2 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]

	Fjöldi	Ígildisfjöldi	Fjöldi undirliggjandi heimtauga			Greining 2011
			Fjöldi heimtauga	Meðalfjöldi heimtauga	Fjöldi nú	
Ethernet yfir kopar						
5 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
10 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
15 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
20 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
25 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
30 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
35 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
40 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
45 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Stafræn leigulína innan svæðis						
64 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
128 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
256 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
512 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Stafræn leigulína milli svæða						
64 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
128 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
256 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
512 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Stafræn leigulína einn leggur						
64 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
128 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
256 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
512 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]



2.3.2 Afstaða PFS

Útreikningar Mílu á línuígildum eru í samræmi við útreikninga í fyrri kostnaðargreiningu á lúkningarluta leigulína frá 2011. PFS gerir ekki athugasemd við útreikninga Mílu á línuígildum og niðurstaðan er að útreikningar á leiguverði miðast við [...] línígildi. Línuígildin skiptast þannig að [...] tilheyra Ethernet yfir kopar og [...] stafrænum leigulínum (SHDSL).

Eins og fram kemur hér að ofan þá hefur Míla tekið saman meðalfjölda heimtauga á hvern hraða leigulínu og aðlagð niðurstöðuna þannig að stígandi sé í gjaldskránni með hækkandi hraða. Þetta hefur í för með sér bæði hækkun og lækkun á heimtaugakostnaði einstakra leigulína samanborið við kostnaðargreininguna frá 2011. Mesta hækkunin á heimtaugakostnaði er hjá SHDSL leigulínunum á lægstu hröðunum en eftirspurn eftir þeim línunum hefur minnkað. PFS gerir ekki athugasemd við þessa aðferð Mílu við ákvörðun á heimtaugakostnaði leigulína.

2.4 Rekstrarkostnaður

2.4.1 Kostnaðargreining Mílu

Í uppfærðri kostnaðargreiningu Mílu, dags. 17. mars 2017, er eftirfarandi tafla sem sýnir rekstrarkostnað yfir rekstrarárið 2016:

Rekstrarkostnaður 2016	Heild 2016	Afsk/vxt	Heimtaugar	2016
61300 Leigulínur í aðgangsneti.....	[...]	[...]	[...]	[...]
61301 Jaðarb.Höfuðborgarsvæði.....	[...]	[...]	[...]	[...]
61302 Jaðarb.Vesturl-Vestf.....	[...]	[...]	[...]	[...]
61303 Jaðarb. Norðurland.....	[...]	[...]	[...]	[...]
61304 Jaðarb. Austurland.....	[...]	[...]	[...]	[...]
61305 Jaðarb. Suðurland.....	[...]	[...]	[...]	[...]
61310 EYK jaðarbúnaður.....	[...]	[...]	[...]	[...]
Samtals	[...]	[...]	[...]	[...]

Fram kemur hjá Mílu að kostnaðarstöðvar [...]

Í bréfi Mílu sem fylgdi uppfærslu á kostnaðarlíkaninu, dags. 17. mars 2017, kemur eftirfarandi fram varðandi stofngjöld:

„Í kostnaðargreiningunni sem byggði á rekstri ársins 2014 voru stofngjöldin í heilu lagi dregin frá rekstrarkostnaði. Við nánari skoðun telur Míla ekki rétt að gera það. Efniskostnaður er ekki færður á rekstrarkostnað og því er ekki rétt að draga stofngjöldin í heilu lagi frá honum þar sem hluti stofngjalda er vegna búnaðar. Þá var stór hluti vinnukostnaðar við EYK færður á fjárfestingu og á því ekki að koma til frádráttar rekstrarkostnaði.

[...].



	Stofngjöld	Þ.a. vinnu- þáttur	Fært á fjárf	Til frádr. REK
EYK - Stofngjald.....	[...]	[...]	[...]	[...]
EYK - Flutningsgjald.....	[...]	[...]	[...]	[...]
EYK - Breyting á hraða.....	[...]	[...]	[...]	[...]
Stafræn lína einn leggur - flutningur.....	[...]	[...]	[...]	[...]
Stafræn lína einn leggur - Stofngjald.....	[...]	[...]	[...]	[...]
Afturköllun, vinna við endabúnað hafin.....	[...]	[...]	[...]	[...]
	[...]	[...]	[...]	[...]

Kostnaður við uppsetningu á EYK er mun lægri en í fyrri greiningu en hann er reiknaður út frá þeim kostnaði sem bókaður var á fjárfestingu. Útreikningar benda til að auðveldara er að setja upp EYK- sambönd en áður.“

Í uppfærðu kostnaðarlíkani er eftirfarandi tafla sem sýnir skiptingu á rekstrarkostnaði á milli leigulína og Ethernet yfir kopar: [...]

2016	EYK	SHDSL
Sérgreindur kostnaður.....	[...]	[...]
Sameiginlegur kostnaður.....	[...]	[...]
Stofngjöld.....	[...]	[...]
	[...]	[...]
Fjöldi leggja	[...]	[...]
<i>Kostnaður/legg á mánuði</i>	[...]	[...]

Kostnaður við koparheimtaugar

Eins og kemur fram í kaflanum hér að framan um línufjölda miðar Míla við raunfjölda heimtauga sem nýttar eru fyrir hvert samband við ákvörðun kostnaðar vegna leigu á koparheimtaugum. Fjöldinn miðast við meðalfjölda en er námundaður við einn aukastaf. [...]

Heimtaugar miðast við 2ja víra línur. Þegar um er að ræða 4ra víra línur teljast heimtaugarnar vera tvær.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda heimtauga á bak við hvern hraða við útreikninga Mílu á heimtaugakostnaði fyrir hvern línulegg:

	Fjöldi
64 kb/s.....	[...]
128 kb/s.....	[...]
256 kb/s.....	[...]
512 kb/s.....	[...]
2 Mb/s.....	[...]

Við útreikninga á heimtaugakostnaði Ethernet-sambanda miðar Míla við eftirfarandi töflu um fjölda heimtauga fyrir mismunandi hraða sambanda:

	Fjöldi
5 Mb/s.....	[...]
10 Mb/s.....	[...]
15 Mb/s.....	[...]
20 Mb/s.....	[...]
25 Mb/s.....	[...]
30 Mb/s.....	[...]
35 Mb/s.....	[...]
40 Mb/s.....	[...]
45 Mb/s.....	[...]

Útreikningar Mílu á heimtaugakostnaði taka mið af niðurstöðu kostnaðargreiningar á aðgangi að koparheimtaugum (fullur aðgangur að heimtaug) sem PFS hefur samþykkt, sbr. ákvörðun PFS nr. 5/2017.

2.4.2 Afstaða PFS

Míla hefur lagt fram upplýsingar um rekstrarkostnað vegna aðgangs að lúkningarhluta leigulína félagsins á árinu 2016. PFS byggir á framlögðum upplýsingum Mílu við mat sitt. Einnig byggir PFS á gögnum sem sýna fjárhagslega aðgreiningu í rekstri Mílu í samræmi við kvöð um bókhaldslegan aðskilnað.

Í bréfi PFS til Mílu, dags. 21. janúar 2016, gerði stofnunin athugasemd við rekstrarkostnað Mílu vegna rekstrarárs 2014. PFS gerði athugasemd við hlutdeild leigulína í sameiginlegum kostnaði [...].

Að mati PFS var kostnaðarhlutdeild leigulínanna í sameiginlegum kostnaði of há og ekki í samræmi við umfang þjónustunnar. [...]. PFS lagði til að þessi kostnaður yrði lækkaður og að hlutdeildin væri í sama hlutfalli af árlegum kostnaði og væri á heimtaugamarkaðinum. Í samræmi við það lagði stofnunin til að hlutdeild leigulína í sameiginlegum kostnaði [...] yrði takmörkuð við [...] kr. PFS fór því fram á að Míla lækkaði rekstrarkostnaðinn sem lá til grundvallar útreikningum á mánaðargjöldum leigulína í samræmi við það.

Við skoðun á rekstrarkostnaði Mílu fyrir rekstrarárið 2016 kemur í ljós að kostnaður þessa liða, þ.e. [...], á árinu 2016 er [...] kr. og því innan þeirra takmarka sem PFS setti.

Eins og kemur fram hér að framan er nú eingöngu sá hluti stofngjalds sem færður er á rekstrarkostnað dreginn frá rekstrarkostnaði. PFS gerir ekki athugasemd við þessa framkvæmd og er frádrátturinn vegna stofngjalda samkvæmt þessu [...] kr. Frádrættinum er skipt milli EYK og SHDSL í sömu hlutföllum og samböndin.

Í eftirfarandi töflu má sjá samanburð á rekstrarkostnaði 2014 og 2016 sem liggur til grundvallar við útreikningum á mánaðargjaldi. Hluti rekstrarkostnaðar er sérgreindur en sameiginlegum kostnaði er skipt milli EYK og SHDSL leigulína í samræmi við fjölda sambanda af hvorri gerð. Í eftirfarandi töflu má sjá skiptingu á rekstrarkostnaðinum:



Skipting kostnaðar:	2016		2014	
	EYK	SHDSL	EYK	SHDSL
Sérgreindur kostnaður	[...]	[...]	[...]	[...]
Sameiginlegur kostnaður	[...]	[...]	[...]	[...]
Stofngjöld til frádráttar	[...]	[...]	[...]	[...]
Kostnaður vegna mánaðargjalda á ári	[...]	[...]	[...]	[...]
Fjöldi leggja	[...]	[...]	[...]	[...]
Kostnaður/legg á mánuði	[...]	[...]	[...]	[...]

Heildarrekstrarkostnaðurinn sem liggur til grundvallar við útreikningum á mánaðargjaldi er [...] kr. fyrir árið 2016 en var [...] kr. fyrir árið 2014 og því nær óbreyttur. Vegna fækkunar á fjölda leggja hefur rekstrarkostnaður per legg hins vegar hækkað frá 2014. PFS samþykkir þá niðurstöðu Mílu að rekstrarkostnaður á mánuði á hvern legg sé [...] kr. fyrir EYK og [...] kr. fyrir stafrænar leigulínur (SHDSL).

Kostnaður vegna heimtauga er reiknaður út frá meðalfjölda heimtauga í hverjum gagnaflutningshraða og verðskrá koparheimtauga.

Kostnaðargreining Mílu fyrir aðgang að koparheimtaugum hefur verið til meðferðar hjá PFS og niðurstaða PFS er að mánaðarverð fyrir aðgang að koparheimtaug verði 1.406 kr.

Í samræmi við það verður heimtaugakostnaður eftirfarandi:

Stafrænar leigulínur, hver leggur

	Fjöldi	Kostn. pr. legg
64 kb/s	[...]	[...]
128 kb/s	[...]	[...]
256 kb/s	[...]	[...]
512 kb/s	[...]	[...]
2 Mb/s	[...]	[...]

Ethernet yfir kopar

	Fjöldi	Kostn. pr. legg
5 Mb/s	[...]	[...]
10 Mb/s	[...]	[...]
15 Mb/s	[...]	[...]
20 Mb/s	[...]	[...]
25 Mb/s	[...]	[...]
30 Mb/s	[...]	[...]
35 Mb/s	[...]	[...]
40 Mb/s	[...]	[...]
45 Mb/s	[...]	[...]

2.5 Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar

Í útreikningum sínum miðar Míla við vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC) upp á 7,0%, í samræmi við tilmæli PFS, sbr. kostnaðargreiningu Mílu fyrir koparheimtaugar.

2.6 Kostnaður vegna búnaðar

2.6.1 Kostnaðargreining Mílu

Stafrænar leigulínur innan svæða og milli svæða

Í bréfi Mílu, dags. 17. mars 2017, kemur fram að kostnaðargreiningin miðist við bókfært verð búnaðar á lager í árslok 2016. Kostnaður vegna uppsetningar hækki þar sem tímagjald hafi hækkað en kostnaðarverð búnaðar vegna stafrænna leigulína lækki aftur á móti vegna afskrifta á búnaði

Í kostnaðargreiningu Mílu kemur fram að þar sem um sé að ræða tvo leggi þegar leigð er leigulína innan svæðis og milli svæða sé rekstrarkostnaður pr. línu tvöfaldaður. Það sé í samræmi við fyrri útreikninga.

Leigulínur innan svæðis

Niðurstaða útreikninga Mílu á stofngjaldi og mánaðargjaldi vegna búnaðarhluta leigulína innan svæðis er eftirfarandi:

	Ein.v.	Fj.	Samtals	Nýting	Stofngjald	Mánaðar- gjald
SHDSL-2 DTM DC G703S LT/NT.	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Uppsetning.....	[...]	[...]	[...]		[...]	
Rekstrarkostnaður.....						[...]
Samtals					[...]	[...]

Leigulínur milli svæða

Niðurstaða útreikninga Mílu á stofngjaldi og mánaðargjaldi vegna búnaðarhluta leigulína milli svæða er eftirfarandi:

	Ein.v.	Fj.	Samtals	Nýting	Stofngjald	Mánaðar- gjald
LR-SHDSL-s_DTM AC G703S...	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
LR SHDSL-2 LCM.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
LRMOD X21.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Uppsetning.....	[...]	[...]	[...]		[...]	
Akstur.....	[...]	[...]	[...]		[...]	
Rekstrarkostnaður.....						[...]
Samtals					[...]	[...]

Leigulínur – einn leggur

Niðurstaða útreikninga Mílu á stofngjaldi og mánaðargjaldi vegna búnaðarhluta á einum legg leigulína er eftirfarandi:



	Ein.v.	Fj.	Samtals	Nýting	Stofngjald	Mánaðar- gjald
SHDSL-2 DTM DC G703S LT/NT...	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
LR SHDSL-2 LCM.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
LRMOD X21.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Uppsetning.....	[...]	[...]	[...]		[...]	
Akstur.....	[...]	[...]	[...]		[...]	
Rekstrarkostnaður.....						[...]
					[...]	[...]

Ethernet yfir kopar

Niðurstaða útreikninga Mílu á stofngjaldi og mánaðargjaldi vegna Ethernet yfir kopar er eftirfarandi:

	Samtals	Nýting	Stofngjald	Mánaðar- gjald
Búnaður fyrir EYK.....	[...]	[...]	[...]	[...]
Uppsetning.....	[...]		[...]	
Rekstrarkostnaður.....				[...]
Samtals			[...]	[...]

2.6.2 Afstaða PFS

Útreikningar á stofngjaldi og mánaðargjaldi er í samræmi við þá aðferðafræði sem viðhöfð var í ákvörðun PFS nr. 34/2011 varðandi kostnaðargreiningu Mílu ehf. á gjaldskrá fyrir lúkningarluta leigulína. Búnaður er metinn á [...] m.v. endurkaupsverð. Helmingur af búnaðarverði auk kostnaðar við uppsetningu tilheyrir stofngjaldi og helmingur mánaðargjaldi (árgreiðsla). Við ákvörðun mánaðargjalds er miðað við 7,0% WACC og 6,67 ára líftíma búnaðar.

PFS gerir ekki athugasemd við útreikninga Mílu á mánaðargjaldi vegna búnaðar og stofngjaldi.

2.7 Útreikningur leiguverðs

Mánaðargjald leigulína samanstendur af rekstrarkostnaði, kostnaði vegna búnaðar og heimaugaileigu eins og tilgreint hefur verið hér að ofan. Um er að ræða einingakostnað.

Niðurstaða á útreikningum leiguverða má finna í eftirfarandi töflum:

*Leigulína innan sama svæðis***Mánaðargjöld**

Hraði	Búnaður	Rekstur	Heimtaug	Samtals	Verð áður	Hækkun
64 kb/s	[...]	[...]	[...]	7.859	4.790	64%
128 kb/s	[...]	[...]	[...]	8.140	4.790	70%
256 kb/s	[...]	[...]	[...]	8.421	7.291	15%
512 kb/s	[...]	[...]	[...]	8.983	7.708	17%
2 Mb/s	[...]	[...]	[...]	9.124	8.541	7%
Stofngjald				87.907	89.272	-2%

*Leigulína milli svæða***Mánaðargjöld**

Hraði	Búnaður	Rekstur	Heimtaug	Samtals	Verð áður	Hækkun
64 kb/s	[...]	[...]	[...]	8.288	5.302	56%
128 kb/s	[...]	[...]	[...]	8.569	5.302	62%
256 kb/s	[...]	[...]	[...]	8.850	7.803	13%
512 kb/s	[...]	[...]	[...]	9.413	8.220	15%
2 Mb/s	[...]	[...]	[...]	9.553	9.053	6%
Stofngjald				152.225	146.127	4%

*Leigulína einn leggur***Mánaðargjöld**

Hraði	Búnaður	Rekstur	Heimtaug	Samtals	Verð áður	Hækkun
64 kb/s	[...]	[...]	[...]	4.144	2.651	56%
128 kb/s	[...]	[...]	[...]	4.284	2.651	62%
256 kb/s	[...]	[...]	[...]	4.425	3.901	13%
512 kb/s	[...]	[...]	[...]	4.706	4.110	15%
2 Mb/s	[...]	[...]	[...]	4.777	4.527	6%
Stofngjald				76.112	73.063	4%

**Ethernet yfir kopar****Mánaðargjöld**

Hraði	Búnaður	Rekstur	Heimtaug	Samtals	Verð áður	Hækkun
5 Mb/s	[...]	[...]	[...]	11.298	9.104	24%
10 Mb/s	[...]	[...]	[...]	12.704	11.188	14%
15 Mb/s	[...]	[...]	[...]	14.110	11.188	26%
20 Mb/s	[...]	[...]	[...]	15.516	13.272	17%
25 Mb/s	[...]	[...]	[...]	18.328	13.272	38%
30 Mb/s	[...]	[...]	[...]	19.031	15.356	24%
35 Mb/s	[...]	[...]	[...]	19.734	15.356	29%
40 Mb/s	[...]	[...]	[...]	20.437	15.356	33%
45 Mb/s	[...]	[...]	[...]	20.437	15.356	33%
Stofngjald				95.587	114.738	-17%

Núverandi gjaldskrá fyrir lúkningarluta leigulína var ákvörðuð með ákvörðun PFS nr. 16/2013 og tók sú gjaldskrá gildi 1. ágúst 2013. Þá var eingöngu um að ræða hækkun í samræmi við hækkun á gjaldskrá fyrir aðgang að koparheimtaugum. Rekstrarkostnaður og kostnaður vegna búnaðar var ekki greindur og haldið óbreyttum í útreikningum á gjaldskránni.

Eins og sést hér að framan eru gjaldskrárliðir að hækka mismikið. Vegin meðalhækkun mánaðargjalda er 14% miðað við seld sambönd í desember 2016 og er þessi hækkun umfram verðlagshækkunar frá því núverandi gjaldskrá tók gildi. Ef hins er skoðuð þróunin frá síðustu heildarendurskoðun á gjaldskrá fyrir lúkningarluta leigulína sem var gerð árið 2011 kemur í ljós að hækkunin nú er í samræmi við hækkun vísitölu neysliverðs frá þeim tíma. Stofngjald fyrir *Ethernet yfir kopar* lækkar um 17% og fyrir *Leigulínur innan sama svæðis* lækkar það um 2%. Stofngjöld annarra leigulína hækka lítillega, eða um 4%.

PFS gerir ekki athugasemd við aðferð Mílu við útreikninga á leiguverði fyrir aðgang að lúkningarluta leigulína samkvæmt því sem fram kemur hér að framan.

Ofangreind niðurstaða byggir á því kostnaðarlíkani sem Míla lagði fram þann 30. apríl 2015 sem síðast var uppfært þann 17. mars 2017 og ákvörðun PFS nr. 5/2017 um mánaðarverð á koparheimtaugum.

2.8 Niðurstaða PFS

Í ákvörðun PFS nr. 8/2014, lagði stofnunin kvöð á Mílu um eftirlit með gjaldskrá vegna aðgangs að lúkningarluta leigulína, með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga. Í samræmi við 4. mgr. 32. gr. sömu laga, var kveðið á um að gjaldskráin fyrir viðkomandi aðgang skyldi vera kostnaðarviðmiðuð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Í samræmi við ákvörðun PFS lagði Míla fram kostnaðargreiningu fyrir aðgang að leigulínum í aðgangsneti Mílu þann 30. apríl 2015. Kostnaðargreiningin var byggð á sögulegum kostnaði ársins 2014.

Þann 27. febrúar 2017 óskaði PFS eftir að Míla uppfærði kostnaðargreiningar sínar á markaði 4/2008, 5/2008 og 6/2008 miðað við rekstrartölur ársins 2016. Þann 17. mars 2017 lagði Míla



fram uppfært kostnaðarlíkan vegna lúkningarluta leigulína. Útreiknuð verð fyrir aðgang að lúkningarluta leigulína byggir því á upplýsingum um rekstrarárið 2016.

Í ákvörðun PFS nr. 8/2014 er tilgreint að stofnunin muni hafa til hliðsjónar við mat á niðurstöðu kostnaðargreiningar Mílu verð fyrir sambærilegar vörur á EES svæðinu og þá sérstaklega þar sem beitt er viðurkenndri aðferðafræði, eins og BU LRIC+ aðferðafræði, við ákvörðun verðs.

Erfitt getur reynst að finna vörur sem eru að fullu sambærilegar þeim vörum sem Míla bíður fram og eru til umfjöllunar hér. PFS hefur kosið að takmarka samanburðinn við Danmörku þar sem vöruframboðið er hvað sambærilegast hjá þeim. Í Danmörku er verðkvöð á lúkningarluta leigulína sem eru allt að 2 Mb/s en þar er fjarskiptafyrirtækið TDC með umtalsverðan markaðsstyrk. Samanburður við verð TDC gefur ekki tilefni til að gera athugasemd við niðurstöðu um verð Mílu fyrir lúkningarluta leigulína.

Niðurstaða PFS byggir á kostnaðargreiningu Mílu fyrir aðgang að leigulínum í aðgangsneti sem Míla lagði fram þann 30. apríl 2015 með þeim uppfærslum sem Míla hefur lagt fram, nú síðast þann 17. mars 2017. Jafnframt byggir niðurstaðan á ákvörðun PFS nr. 5/2017 varðandi endurskoðun á heimtaugagjaldskrá Mílu fyrir koparheimtaugar.

Í bréfi Mílu, dags. 17. mars 2017, kemur fram að Míla hyggst bjóða *Ethernet yfir kopar* með allt að 100 Mb/s gagnaflutningshraða. Að mati Mílu er enginn viðbótarkostnaður við það að bjóða 100 Mb/s umfram 45 Mb/s. Jafnmargar heimtaugar liggi þar að baki og búnaðurinn sem settur er upp í dag bjóði upp á þennan möguleika. Míla hyggst því bjóða EYK frá 40 Mb/s og allt að 100 Mb/s á sama verði. Míla setur þó þann fyrirvara að fyrirtækið geti ekki tryggt 100 Mb/s í öllum tilvikum því það fari eftir aðstæðum á hverjum stað hvort hámarks hraði sé mögulegur. Eins og kemur fram hér að framan er sama verð fyrir 40 Mb/s og 45 Mb/s *Ethernet yfir kopar*, í stað þessa tveggja liða í núverandi gjaldskrá kemur nýr liður, 40 -100 Mb/s.

Í samræmi við þær forsendur sem fjallað er um hér að framan samþykkir PFS eftirfarandi gjaldskrá Mílu fyrir aðgang að lúkningarluta leigulína sem byggja á koparheimtaugum:

Leigulína innan sama svæðis

Hraði	Mánaðargjald
64 kb/s	7.859 kr.
128 kb/s	8.140 kr.
256 kb/s	8.421 kr.
512 kb/s	8.983 kr.
2 Mb/s	9.124 kr.
Stofngjald	87.907 kr.

*Leigulína milli svæða*

Hraði	Mánaðargjald
64 kb/s	8.288 kr.
128 kb/s	8.569 kr.
256 kb/s	8.850 kr.
512 kb/s	9.413 kr.
2 Mb/s	9.553 kr.
Stofngjald	152.225 kr.

Leigulína einn leggur

Hraði	Mánaðargjald
64 kb/s	4.144 kr.
128 kb/s	4.284 kr.
256 kb/s	4.425 kr.
512 kb/s	4.706 kr.
2 Mb/s	4.777 kr.
Stofngjald	76.112 kr.

Ethernet yfir kopar

Hraði	Mánaðargjald
5 Mb/s	11.298 kr.
10 Mb/s	12.704 kr.
15 Mb/s	14.110 kr.
20 Mb/s	15.516 kr.
25 Mb/s	18.328 kr.
30 Mb/s	19.031 kr.
35 Mb/s	19.734 kr.
40 -100 Mb/s	20.437 kr.
Stofngjald	95.587 kr.

Þá hefur Míla tilgreint að fyrirtækið hyggist ekki gera breytingu á verðskrá fyrir eftirfarandi þjónustu:



Þjónusta	Verð
Flutningur á stafrænni línu innan svæðis	36.532 kr.
Flutningur á stafrænni línu milli svæða	73.064 kr.
Breyting á hraða, stafræn lína innan svæðis	16.899 kr.
Breyting á hraða, stafræn lína milli svæða	28.164 kr.
Afturköllun vinna hafin við uppsetningu línu	8.884 kr.
Afturköllun vinna hafin við uppsetningu á endabúnaði	36.614 kr.
EYK flutningur á sambandi	57.369 kr.
EYK breyting á hraða	16.889 kr.

Öll verð eru án vsk.

Eins og fram kemur hér að ofan í kafla 1.2 er í núverandi gjaldskrá Mílu einnig grunnlínur án búnaðar en mánaðarverð fyrir aðgang að þeim fylgja verðum fyrir aðgang að heimtaugum hverju sinni.

Í ákvörðun PFS nr. 21/2014 kemur fram að gjaldskráin skuli endurskoðuð árlega í samræmi við árlega uppfærslu kostnaðargreiningarinnar samkvæmt því kostnaðarlíkani sem nú hefur verið samþykkt. Í samræmi við það skal Míla leggja fram uppfærslu á kostnaðarlíkaninu fyrir 1. apríl 2018. Ef engar meiriháttar breytingar verða gerðar á kostnaðarlíkaninu væntir PFS þess að stofnunin muni birta ákvörðun um ný verð fyrir árslok 2018.



Ákvörðunarorð

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir kostnaðargreiningu Mílu ehf. samkvæmt síðustu uppfærslu á greiningunni sem barst stofnuninni þann 17. mars 2017.

Stofngjöld og mánaðarleg leiguverð skulu vera í samræmi við það sem fram kemur í viðauka I við ákvörðun þessa.

Hin nýja verðskrá Mílu ehf. skal taka gildi samtímis nýrri gjaldskrá Mílu fyrir aðgang að koparheimtaugum. Míla hefur sent út tilkynningu, með tilskildum 60 daga fyrirvara, um að nýja verðskráin taki gildi þann 1. júlí 2017.

Míla skal uppfæra viðmiðunartilboð fyrir leigulínur eigi síðar en við gildistöku ofangreindra verðbreytinga.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 30. maí 2017

Björn Geirsson f.h. forstjóra

Óskar Þórðarson

Viðauki I: Gjaldskrá.
Viðauki II: Álit ESA.